

Björg, gerð 1987.

Manneskjan í yfirvofandi háska

Rætt við SIGRÚNU ELDJÁRN myndlistarkonu, sem þekktust er fyrir teikningar sínar og grafík, en sýnir nú olíumálverk á Kjarvalsstöðum.

eftir KRISTÍNU ÓMARSDÓTTUR

Það eru þúsund og eitthvað málverk í stöflum heima hjá Sigrúnu Eldjárn. Olíumálverk með litum í:

Þar eru klettahnullungar hver ofan á öðrum. Sá efsti er að hruni kominn og á næsta stalli stendur maður, horfir á fljúgandi mann, óvar um það að innan stundar detti á hann bjarg. Út um allt í loftinu hangir fólk á þráðum, bleikum, grænum, gulum. *Fjúkandi himinn, nokkrir regndropar og . . .* Litlar manneskjur í risastóru landslagi og eitthvað gæti farið að gerast.

Eins og tennur á risaskepnu, vel lagaðar, gnæfandi, eins og oddur á skurðhnífi, – það er landslag og fólk stendur á blábroddi. *Tveir regndropar og blæðir.*

Manneskjur fljúga, hanga, standa á loftinu, í hrikalegu en stilltu landslagi. Manneskjur í laginu eins og manneskjur á umferðarskiltum. Venjulegar manneskjur í fjarlægð, – smávaxnir, litlir dropar – grandalausar í gönguferð eða flugferð undir og umhverfis háskann sem eitt augnablik geymir það að hrynja.

Sumir eru einir, sumir eru fjölskyldur, sumir eins og þekkjast og reyna að kallast á milli klettabjarga, en ekkert heyrist á þessum venjulega degi í súld.

Það er allt eins og rétt áður en eitthvað byrjar. Enginn veit hvað eða grunar hið minnsta. Það er rétt áður en eitthvað gerist sem er mikið stærra, hundrað sinnum, þúsundfalt stærra en maðurinn veit. Á meðan hangir allt á bláþræði.

Einhvern veginn þannig er hægt að lesa ný olíumálverk Sigrúnar Eldjárn sem hingað til hefur verið kunn fyrir grafíkmyndir. Nú hefur myndflöturinn stækkað og manneskjuna – sem gjarnan hefur verið í nærmynd – hefur hún nú í fjarlægð. Það er komið landslag, umhverfi, himinn, rok, litir, pensilför.

Í grafíkmyndum sínum býr Sigrún oft til ljóðrænu úr smáatriðum vikudaganna, – það fljúga litlar smekkbuxur hratt úr fjarska inní mynd. Með olíumyndunum sýnist hún boða háska.

Sigrún var við nám í grafík í Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1974–77 og dvaldi ári seinna í Póllandi þar sem hún læri messótintu (sérstök aðferð í grafík). Hún hefur haldið sex einkasýningar, tekið þátt í fjölda samsýninga og er einn af stofnendum Gallerís Langbrókar. Sjö barnabækur hefur hún samið og teiknað, auk þess að myndskreyta bækur annarra höfunda. Nú stendur yfir sýning á olíuverkum hennar á Kjarvalsstöðum.

- Ég hef unnið mest í grafík og teikningu. Það er eitt og hálft ár síðan ég fór að mála með olíu og hef verið að því síðan. Unnið í grafík meðfram því.

Í fyrra dvaldi ég fjóra mánuði á Sveaborg (norrænum gestavinnustofum) í Finnlandi og það var eiginlega þar sem ég byrjaði að mála. Þegar ég kem á nýjan stað þá finnst mér ágætt að byrja á einhverju nýju.

Í grafíkinni er mikill hluti vinnunnar tæknilegs eðlis. Með þeirri aðferð sem ég hef mest notað, messótintu, vinnur maður ekki stórar myndir. Hún er seinleg og vandasöm.

Málverkið vinnur maður meira beint. Tjái ir sig beint á strigann millilíðalaust og það hefur verið mér léttir, auk þess að geta unnið með stærri flöt en í grafíkinni. Síðan var mig farið að langa til að vinna með liti en litur í grafík er mjög flókið mál og kostar mikla tæknivinnu. Það *ýtti mér útí* málverkið.

Og málverkið er skemmtilegt. Í grafíkinni, sem reyndar er skemmtileg líka, liggur maður meira yfir verkinu, næstum því dútlar. Þar ráða form, ljós og skuggi, en í málverkinu er það samspil litanna og formið. Málverkið krefst þess að maður hugsi öðruvísi og það hleypir öðrum takti í vinnubrögðin.

Ég held ég hafi bara þurft að fara að mála, eins og sumir þurfa ítalskt fjallaloft.

- Myndefnið hefur breyst hjá mér með nýjum miðli. Grafíkmyndir mínar eru oft myndir af fólki. Í olíumyndunum er líka fólk en fólkið er meira aukaatriði og umhverfi þess hefur stækkað. Manneskjurnar orðnar smávaxnar miðað við umhverfið. Kannski er ég að horfa á heiminn frá öðru sjónarhorni. Samt finnst mér þetta vera í beinu framhaldi og skylt því sem ég hef verið að gera.

Hvaðan myndefnið kemur, veit ég ekki. Það bara kemur. Maður verður náttúrulega fyrir áhrifum frá lífinu án þess að geta greint hvað kemur hvaðan. Ég hugsa að myndirnar hér séu ættaðar frá Arnarstapa



Drangar, verkið er frá þessu ári.